

Undirritaður mótmælir harðlega lokun fyrir vinstri beygju frá Bústaðavegi inn á Reykjanesbraut. Umferðarteppa á álagstímum er lítið vandamál miðað við þau óþægindi og skert umferðaröryggi sem íbúar Fossvogs- og Bústaðahverfis munu búa við alla aðra tíma sólarhringsins vegna þessarar lokunar. Ákvörðunin er tekin af stjórnámálamönnum sem þykjast vita betur en fólkið í Fossvogs- og Bústaðahverfi sem vill beina umferð út úr hverfinu en ekki inn í það, eins og meirihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur vill. Þessari ákvörðun þarf að hnekkja.